



# Vefrit fjármálaráðuneytisins

18. desember 2008

## Uppfærð áætlun um tekjur ríkissjóðs

Fjármálaráðuneytið hefur að undanförnu, í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, uppfært tekjuáætlun ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 við 2. umræðu á Alþingi. Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2009 eru áætlaðar 395,8 milljarðar króna, 65,3 milljörðum minni en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 14,2% að nafnvirði en 24,6% að raunvirði, en spáð er að verðbólga verði 13,8% á næsta ári. Áætlað er að skatttekjur í heild verði 357,7 milljarðar og dragist saman um 48,9 milljarða milli ára. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 126,3 milljörðum króna á árinu 2009 og lækki um tæpa 36 milljarða frá árinu 2008. Áætlað er að skattar á vöru og þjónustu nemi 180,9 milljörðum króna og lækki um 12,2 milljarða króna frá árinu 2008. Áætlunin er byggð á spá um þróun einkaneyslu, innflutnings og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði neikvæður um 9,6% á árinu 2009 og þjóðarútgjöld dragist saman um tæp 20%. Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlunina fyrir einstaka skatta.

Tekjur ríkissjóðs 2007-2009

Tölur á rekstrargrunni, ma.kr.	2007	2008	2009	2009
Heildartekjur ríkissjóðs	486,1	461,1	395,8	-24,6
Skatttekjur	409,0	406,6	357,7	-22,7
1. Beinir skattar alls	206,9	210,4	173,2	-27,7
p.a. tekjuskattur einstaklinga	85,6	89,3	87,2	-14,2
p.a. fjármagnstekjuskattur	28,9	34,3	13,9	-64,3
p.e. tekjuskattur lögaðila	36,6	34,0	22,1	-42,9
p.a. tryggingagjöld	38,9	40,4	39,8	-13,5
p.a. eignarskattar	12,0	7,8	7,1	-20,5
2. Skattar á vöru og þjónustu alls	200,7	193,1	180,9	-17,7
p.a. virðisaukaskattur	137,7	135,9	128,2	-17,1
p.a. almenn vörugjöld	19,3	18,8	19,2	-9,9
p.a. vörugj. af ökut. og eldsneyti	32,4	28,5	24,6	-24,2
3. Aðrar rekstrartekjur	39,6	51,1	33,4	-42,7
p.a. vaxtatekjur	25,0	39,7	22,3	-50,6
4. Sala eigna	20,5	2,0	3,3	45,0
5. Fjárramlög	2,3	1,4	1,5	-6,0

## Af vettvangi tvísköttunarmála

Næstu áramót munu fimm nýir tvísköttunarsamningar sem fullgiltir voru á þessu ári koma til framkvæmda. Um er að ræða samninga við [Grikkland](#), [Ítalíu](#), [Kóreu](#), [Mexíkó](#), [Rúmeníu](#) og [Úkraínu](#). Þegar tvísköttunarsamningur kemur til framkvæmda er átt við að unnt sé að beita ákvæðum samningsins vegna tekna sem aflað er frá og með þeim degi eða frá 1. janúar 2009 hvað varðar framangreinda samninga.

Með tilkomu hinna nýju samninga eru í gildi tvísköttunarsamningar við 36 ríki. Búið er að árita samningsdrög við 4 ríki til viðbótar en frágangi þeirra samninga og undirritun er enn ólokið.

Endurskoðaður tvísköttunarsamningur við [Bandaríkin](#) sem var fullgiltur þann 15. desember sl. mun einnig koma til framkvæmda þann 1. janúar 2009. Hin nýi samningur leysir af hólmi eldri samning sem gilt hefur frá ársbyrjun 1976 og var fjallað um efni hans í vefriti ráðuneytisins þann [25. október 2007](#).

Upplýsingaskiptasamningur við [Mön](#) mun öðlast gildi þann 28. desember 2008 og kemur til framkvæmda strax á þeim degi að því er

varðar mál vegna refsiverðra skattalagabrota og um önnur málefni sem falla undir samninginn vegna skattárs sem hefst 1. janúar 2009. Sama gildir um þrjá aðra samninga sem gerðir voru við Mön en þeir taka til tekna einstaklinga, tekna af rekstri skipa og flugvéla og sá þriðji fjallar um framkvæmd gagnkvæms samkomulags í tengslum við leiðréttingu á hagnaði tengdra fyrirtækja.

Að lokum má geta þess að bókun um breytingu á tvísköttunarsamningi milli Norðurlandanna kemur einnig til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009. Nánar má lesa um efni bókunarinnar í vefriti ráðuneytisins þann [10. apríl 2008](#).

## Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2009

Á árinu 2009 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út þrisvar sinnum, bæði á íslensku og ensku. Á vetrarmánuðum verður gefin út endurskoðuð þjóðhagsspá til þriggja ára. Þessi skýrsla verður stutt, með færri tölum í viðauka og verður einungis birt á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri tölur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjárukaalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðalangs tíma, eða fimm ára í senn, og ítarlegum tölfluviðauka. Haustspáin er jafnframt byggð á nýjum forsendum um ríkisfjármálin sem felast í fjárlagafrumvarpinu. Vor- og haustskýrslur eru gefnar út á prentuðu formi á íslensku og á vef fjármálaráðuneytisins á íslensku og ensku. Útgáfuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið Þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2009:

20. janúar 2009	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2010
12. maí 2009	Þjóðhagsspá fyrir árin 2009 – 2013
1. október 2009	Þjóðhagsspá fyrir árin 2009 – 2013

## Kvöldskattur

Nú, þegar þrengir að í búskap heimilanna, er vert að hyggja að jólahaldi íslenskra heimila á fyrri tímum þegar gjafir voru ekki jafn ríkur hluti af hátíðinni og áherslan í meira mæli á mannkærleika þann sem býr í jólaboðskapnum en einnig góðan mat. Þannig segir frá því í bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili um íslenska þjóðhætti að haldið var upp á byrjun aðventunnar – sem þá hét jólaföstuinnangangur – með „kvöldskattinum“ þar sem heimilisfólki var í eitt sinn skammtað vel á diska af öllu því besta sem fannst í búrinu og var skammturinn slíkur að hann átti að duga sem viðbit handa heimilisfólkinu í nokkra daga. Kvöldskatturinn var gefinn eitt kvöldið í fyrstu viku jólaföstunnar og „var þá ekki eymt í skammtinn, þó að kort væri annars vant að skammta“. Þetta gerðist þannig að eitt kvöldið fór húsfreyja fram í bú og fór að skammta heimilisfólki sínu á stór fót eða diska allt hið besta sem búið átti til: hangiket, magál, sperðil, pottbrauð og flatbrauð og vel við af floti og sméri. Allt fór þetta fram með mestu leynd og þótti mest til koma ef enginn vissi neitt fyrr en ílátin komu inn úr baðstofudyrnum. Var þá rokkum, snældum og þrjúnum varpað frá sér í snatri og síðan sest að snæðingi.



Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Næsta vefrit kemur út **8. janúar 2009**.

## Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg. gjöld	12,1	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	17,3	12,8
Eignarskattar	24,9	-29,4
Skattar á vöru og þjónustu	8,3	-1,9
Tryggingagjöld	5,9	6,0
Tekjur alls	15,1	4,1

## Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	20,1	23,2
Heilbrigðismál	11,2	13,6
Alm. tryggj. & velferðarmál	18,1	26,9
Efnahags- og atvinnumál	15,4	29,4
Menntamál	12,1	12,4
Gjöld alls	14,5	20,0

## Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	51.229	24.189
Hreinn lánsfjárfjórnuður	-11.868	30.173
Afborgun lána	-33.503	-45.934
Brúttó lánsfjárfjórnuður	-48.671	-19.061
Lántökur	58.383	198.081
Breyting á handbæru fé	9.712	179.020

## Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (nóv.)	5,2	17,1
Kjarnaverðbólga (nóv.)	5,4	16,1
Launavísitala (október)	8,1	8,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv. leysi, árstíðaleiðr. (nóv.)	0,9	3,5